

AUGLÝSING
um breytingu á gjaldskrá kaldvatnsveitu Bláskógaveitu,
Bláskógabyggð, nr. 1242/2017.

1. gr.

3. mgr. 3. gr. gjaldskrárinnar hljóðar svo:

Hámarksálagning verði 54.450 kr. á sumarhús og íbúðarhús. Fyrirtæki sem tengist veitukerfi veitunnar og notar vatn til vökvunar ber skylda til að vera með miðlunartank. Lágmarksálagning vegna tengingar við kaldvatnsveitu Bláskógaveitu verði 16.335 kr.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem öðlast þegar gildi, er samin og samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar 14. desember 2018, með heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og III. kafla vatnalaga nr. 15/1923.

Samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar, 14. desember 2018.

Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 4. febrúar 2019